

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/23/06

frá 11. desember 2003

um framkvæmd og notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 4639)

(2003/887/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópsku þolhönnunarstaðlarnir eru röð evrópskra staðla sem saman mynda safn aðferða við að reikna út krafrænan styrk berandi eininga í byggingarmannvirkjum (hér á eftir nefndar „byggingarvörur í burðarvirki“). Með þessum aðferðum er hægt að hanna byggingarmannvirki, kanna stöðugleika byggingarmannvirkja eða hluta þeirra og ákveða nauðsynlegar stærðir á byggingarvörum í burðarvirki.
- 2) Tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾ fjallar um stofnun og starfsemi innri markaðarins með byggingarvörum, eins og kveðið er á um í 95. gr. sáttmálans, og gildir um vörur sem falla undir tækniforskriftir eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 89/106/EBE.
- 3) Byggingarvörur í burðarvirki eru mikilvægur hluti af markaði með byggingavörum og skulu því falla undir kröfur sem settar eru fram í tilskipun 89/106/EBE, einkum undir kröfur um CE-merki. Til að auðvelda framleiðendum og tilkynntum aðilum að meta krafrænan styrk byggingavöru í burðarvirki, sem er nauðsynlegt fyrir samræmismat þeirra, skulu tækniforskriftir vísar í reikniáðferðir sem þróaðar eru í evrópsku þolhönnunarstöðlunum. Krafrænn styrkur skal tilgreindur sem nothæfi vörunnar í skjölunum sem fylgja CE-merkinu í samræmi við tilskipun 89/106/EBE.
- 4) Misræmi í hinum ýmsu reikniáðferðum, sem vísað er til í innlendum byggingareglugerðum, standa í vegi fyrir frjálsri dreifingu á verkfræðiþjónustu og þjónustu arkitekta innan Bandalagsins. Notkun evrópskra þolhönnunarstaðla er ætlað að auka frelsi til að veita þjónustu á sviði framkvæmdaverkfræði og byggingarlistar með því að skapa aðstæður fyrir samræmt kerfi almennra reglna.
- 5) Meirihluti byggingarvara í burðarvirki og byggingarmannvirkja heyrir undir opinbera samninga. Samningsyfirvöld skulu nota evrópsku þolhönnunarstaðlana í tækniforskriftum skv. 1. og 2. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu ⁽²⁾ og 1. og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga ⁽³⁾. Í þessum tilskipunum er kveðið á um að tækniforskriftir fyrir útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu og opinberra verksamninga séu settar fram í almennum gögnum eða útboðsgögnum með hverjum samningi og, með fyrirvara um lögbodnar, innlendar tæknireglur, að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum Bandalagsins, að samningsyfirvöld skilgreini slíkar tækniforskriftir með hliðsjón af landsstöðlum sem eru til framkvæmdar Evrópustöðlum.
- 6) Einnig skal nota evrópsku þolhönnunarstaðlana skv. 2. mgr. 18. gr. tilskipunar ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ⁽⁴⁾ en þar er kveðið á um að slíkar stofnanir skuli skilgreina tækniforskriftir með vísan til evrópskra tækniforskrifta þar sem þær eru til staðar. Að auki er í 13. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/38/EBE kveðið á um að „evrópsk tækniforskrift“ teljist sameiginleg tækniforskrift, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðall til framkvæmdar evrópskum staðli að því er þá tilskipun varðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 332, 19.12.2003, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13.10.2005, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 54. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

- 7) Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að heimilt sé að nota byggingarvörur í burðarvirki sem reiknaðar eru út í samræmi við evrópska þolhönnunarstaðla og ber þeim því að vísa til evrópsku þolhönnunarstaðlanna í innlendum reglum um hönnun.
- 8) Aðildarríkin skulu samþykka evrópsku þolhönnunarstaðlana fyrir byggingarvörur og byggingamannvirki og viðurkenna að beiting evrópsku þolhönnunarstaðlanna gefi tilefni til að álykta að fyrir hendi sé samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í tilskipun 89/106/EBE.
- 9) Til að unnt sé að taka tillit til tiltekinna landfræðilegra, jarðfræðilegra eða veðurfarslegra skilyrða, auk sérstaks verndarstigs sem við á á yfirráðasvæðum þeirra, kunna aðildarríkin að þurfa sérstakar færibreytur og því innihalda evrópsku þolhönnunarstaðlarnir „færibreytur sem eru ákvarðaðar innanlands“. Í evrópsku þolhönnunarstöðlunum er að finna ráðlagt gildi fyrir hverja færibreytu sem er ákvörðuð innanlands. Hins vegar geta aðildarríkin valið annað sérstakt gildi sem færibreytu ákvarðaða innanlands ef þau telja það nauðsynlegt til að tryggja að vinna við byggingar og önnur mannvirki sé hönnuð og framkvæmd með þeim hætti að öryggi einstaklinga, húsdýra eða eigna sé ekki ógnað.
- 10) Til að ná fram aukinni samræmingu skal bera saman hinar ýmsu færibreytur, ákvarðaðar innanlands, sem aðildarríkin hafa komið til framkvæmda og samræma þær þar sem við á.
- 11) Ef tækniforskriftir, sem um getur í 4. gr. tilskipunar 86/106/EBE, eru ekki til staðar er nauðsynlegt að tryggja frjálsan flutning á byggingarvörum í burðarvirki með krafrænum styrk sem metinn hefur verið með evrópsku þolhönnunarstöðlunum. Með það í huga skulu aðildarríkin gera ráð fyrir evrópsku þolhönnunarstöðlunum í innlendum ákvæðum sem ná yfir slíkar vörur.
- 12) Evrópsku þolhönnunarstaðlarnir eiga að auðvelda þróun sameiginlegs rannsóknaráttaks sem ýmsir aðilar innan Bandalagsins ráðast í og miðlun á niðurstöðum úr slíkum rannsóknum, sér í lagi með starfsþjálfun. Það leiðir til meira öryggis við gerð bygginga og mannvirkja innan Bandalagsins.

LEGGUR TIL EFTIRFARANDI:

1. Aðildarríkin skulu samþykka evrópsku þolhönnunarstaðlana sem hentugt tæki til að hanna byggingamannvirki, kanna krafrænt viðnám hluta eða kanna stöðugleika mannvirkja. Aðildarríkin skulu viðurkenna að þegar um er að ræða byggingamannvirki, sem hönnuð eru með reikniáðferðunum sem lýst er í evrópsku þolhönnunarstöðlunum, er gert ráð fyrir samræmi við grunnkröfu nr. 1, „Krafrænt viðnám (burðarþol) og stöðugleiki“, að meðtöldum þeim þáttum í grunnkröfu nr. 4, „Öryggi við notkun“ sem tengjast krafrænu viðnámi og stöðugleika, og við hluta af grunnkröfu nr. 2 „Varnir gegn eldsvoða“, eins og um getur í I. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um færibreyturnar sem nothæfar eru á þeirra landsvæði, hér á eftir nefndar „færibreytur sem eru ákvarðaðar innanlands.“
3. Aðildarríkin skulu nota gildin sem ráðlögð eru í evrópsku þolhönnunarstöðlunum þegar í þeim er að finna færibreytur sem eru ákvarðaðar innanlands. Aðeins skal víkja frá þessum ráðlögðu gildum þegar landfræðilegar, jarðfræðilegar eða veðurfarslegar aðstæður eða sérstakt verndarstig kallar á slíkt. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um færibreytur, sem eru ákvarðaðar innanlands og eru í gildi á yfirráðasvæði þeirra, innan tveggja ára frá þeim degi þegar evrópsku þolhönnunarstaðlarnir verða tiltækir.
4. Aðildarríkin skulu, með samræmdum hætti undir forystu framkvæmdastjórnarinnar, bera saman færibreytur, ákvarðaðar innanlands, sem hvert aðildarríki hefur komið til framkvæmda og meta áhrif þeirra hvað varðar tæknilegan mismun í tengslum við mannvirkjagerð eða hluta mannvirkja. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, breyta færibreytum, sem eru ákvarðaðar innanlands, til að draga úr frávikum frá ráðlögðu gildunum sem kveðið er á um í evrópsku þolhönnunarstöðlunum.
5. Ef tækniforskriftir, sem um getur í 4. gr. tilskipunar 86/106/EBE, eru ekki til staðar skulu aðildarríkin vísa til evrópsku þolhönnunarstaðlanna í innlendum ákvæðum um byggingarvörur í burðarvirki.
6. Aðildarríkin skulu gangast fyrir rannsóknum til að greiða fyrir því að nýjasta þróun í vísinda- og tæknipækkingu verði felld inn í evrópsku þolhönnunarstaðlana. Aðildarríkin skulu leggja í sjóð innlendar fjárveitingar til slíkra rannsókna svo að hægt sé að nota þær á vettvangi Bandalagsins sem framlag til fyrirbyggjandi fjármagns til tæknilegs og vísindalegs rannsóknarstarfs innan framkvæmdastjórnarinnar, í samstarfi við sameiginlegu rannsóknamiðstöðina, og tryggja þannig áframhaldandi aukna vernd bygginga og mannvirkja, sér í lagi að því er varðar viðnám burðarvirkja gegn jarðskjálftum og eldsvoðum.
7. Aðildarríkin skulu stuðla að kennslu í notkun evrópsku þolhönnunarstaðlanna, sér í lagi í verkfræðiskólum og sem hluta af símenntunarnámskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknimenn. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar innlendar ráðstafanir sem gripið er til í samræmi við þessi tilmæli.

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.